

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Drottningarbrautarreits, Hafnarstræti 67-69.*

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 24. ágúst 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Drottningarbrautarreit vegna Hafnarstrætis 67-69.

Breytingin felur í sér að lóðir nr. 67-69 við Hafnarstræti sameinast í eina lóð. Heimilt verður að reisa fjögurra hæða byggingu fyrir hótél norðan núverandi hótels ásamt tengibyggingu á milli. Gerð er krafa um 1 bílastæði á hverja 75 m<sup>2</sup> í nýbyggingu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 27. september 2017,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2017